




Ársskýrsla

2022-2023




Félagið í hnotskurn


Skipting virkra félagsmanna 2022




Aldursskipting starfandi félagsmanna 2022



Starfandi félagsmenn eftir búsetu



Fjöldi starfandi félagsmanna eftir kyni



Heildarfjöldi virkra félagsmanna var 4.845 í lok árs

Starfandi félagsmenn í lok árs voru 3.752

Félagsmenn á landsbyggðinni eru 1.075

Karlkyns félagsmenn eru 134 talsins

Starfsár stjórnar Fíh

2022-2023

Starfsár stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur verið fjölbreytt og áhugavert.

Haldnir voru 10 stjórnarfundir og eru fundargerðir stjórnar aðgengilegar á vefsvæði Fíh. Starfandi félagsmenn sem greiddu félagsgjöld voru í lok árs 2022 samtals 3.752 og fjölgaði þeim um 2,6% á milli ára. Um 4% félagsmanna eru karlmenn og um 6% félagsmanna eru hjúkrunarfræðingar af öðrum þjóðernum.

Unnið var eftir starfsáætlun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins árið 2022. Áherslan á þessu starfsári var aðallega á kjaramál og starfsumhverfi en þann 31. mars 2023, rann út miðlunartillaga ríkissáttasemjara frá árinu 2020. Einnig voru áherslupunktur í starfsáætluninni um hjúkrun og samfélagið, þekkingu og nýsköpun í hjúkrun og forystu til árangurs.

Hjúkrunarþing árið 2022 var haldið í október um stefnu Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum þar sem unnið var að aðgerðaáætlun við stefnu félagsins. Niðurstaða þeirrar vinnu hefur nýst stjórninni vel í sínum störfum, m.a. í tengslum við áherslur í hjúkrun, í samfélaginu og í forystu til árangurs.

Í aðdraganda kjarasamninganna var haldin kjararáðstefna með trúnaðarmönnum hjúkrunarfræðinga sem heppnaðist vel og var þar sterkur samhljómur í áherslum fyrir komandi kjarasamninga. Það er alveg ljóst að slíka ráðstefnu þarf að endurtaka á næsta starfsári. Einnig fóru formaður og starfsfólk kjara- og réttindasviðs í hringferð um landið á fyrstu mánuðum ársins 2023. Þar skapaðist vettvangur til að afla upplýsinga og ræða mikilvæg málefni fyrir komandi samninga og er stjórn Fíh ljóst að nauðsynlegt er að þetta verði áfram reglubundinn liður í starfsemi félagsins.

Áherslan á þessu starfsári var aðallega á kjaramál og starfsumhverfi en þann 31. mars 2023, rann út miðlunartillaga ríkissáttasemjara frá árinu 2020.

Sex ár eru frá síðustu uppfærslu á vef félagsins og þótti tímabært að fara í þá vinnu að aðlaga vefinn að breyttri notkun og tækni. Að auki var nýtt útlit hannað af Hugsmiðjunni og efni að miklu leyti endurhannað. Allt er þetta gert til að bæta og auðvelda upplýsingaflæði til félagsmanna og annarra sem á þurfa að halda. Ný vefsíða var tekin í notkun á aðalfundi félagsins þann 12. maí sem jafnframt er alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga og lauk þannig þessu starfsári stjórnar.



Mannabreytingar hjá félaginu

Kristjana Elísabet Guðlaugsdóttir lét af störfum sem sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs. Harpa Ólafsdóttir tók við því starfi og hóf störf þann 1. nóvember á síðasta ári. Jafnframt hætti Harpa Júlía Sævarsdóttir, sérfræðingur í kjaramálum, eftir rúm fjögur farsæl ár í starfi. Harpa Júlía barðist ötullega fyrir bættum kjörum hjúkrunarfræðinga og skilaði sú barátta sér verulega, m.a. í verkefninu um betri vinnutíma. Í hennar stað kom Ólöf Jóna Tryggvadóttir sem einnig hóf störf þann 1. nóvember. Edda Dröfn Daníelsdóttir, sviðsstjóri fagsviðs, ákvað að hverfa til annarra starfa eftir tæp fimm góð ár í starfi. Hún hefur fært okkur margar nýjungar sem hjúkrunarfræðingar njóta góðs af og unnið af mikilli elju að fagmálum stéttarinnar. Helga Rósa Másdóttir tók við keflinu þann 1. maí síðastliðinn.

Stjórn FÍH þakkar Kristjönu, Hörpu Júlíu og Eddu fyrir þeirra góðu vinnu í þágu hjúkrunarfræðinga og óskar þeim velfarnaðar í nýjum störfum, um leið og hún býður Hörpu, Ólöfu og Helgu Rósu velkomnar til starfa.



Stjórn FÍH 2022-2023

Guðbjörg Pálsdóttir

formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Fagleg mál

Námskeið og fræðsla

Nokkur námskeið hafa verið í boði fyrir hjúkrunarfræðinga í húsakynnum félagsins. Hið sívinsæla námskeið Guðbjargar Pálsdóttur, **Sár og sárameðferð** var haldið tvisvar sinnum fyrir jól og tvisvar sinnum eftir jól. Þess má geta að þetta námskeið nýtur ávallt mikilla vinsælda meðal hjúkrunarfræðinga um land allt.

Nokkur ný námskeið voru í boði á starfsárinu, þar má nefna námskeiðið **Sálræn áföll og áfallamiðuð nálgun** sem Dr. Sigrún Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur og dósent við HA, hefur umsjón með. Námskeiðið var vel sótt og haldið þrisvar sinnum, einu sinni í húsnaði Fíh og tvisvar sinnum rafrænt.

Slökun í daglegu lífi er heiti á námskeiði sem Lilja Jónasdóttir hjúkrunarfræðingur hélt í húsnaði Fíh í mars 2023. Hún kenndi slökunaraðferðir sem eiga að auka orku og draga úr andlegri og líkamlegri vanlíðan.

Streita, seigla, samskipti og meðvirkni er námskeið á vegum Gyðu Tryggvadóttur og Kristínar Sigurðardóttur sem hefur verið haldið fjórum sinnum á Hótel Grímsborgum. Námskeiðið er í formi fyrirlestra, æfinga, hópavinnu, hugleiðslu, djúpslökunar, hvíldar og útiveru í náttúrunni.

Við starfslok var haldið rafrænt einu sinni á starfsárinu en það námskeið er sérstaklega ætlað hjúkrunarfræðingum sem eru að nálgast starfslok eða eru nýlega hættir störfum.

Hjúkrunarþing 2022

Hjúkrunarþing Fíh var haldið á Grand hóteli þann 25. október undir yfirskriftinni *Stefna Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum*. Góð mæting var á þingið sem kom saman til að vinna að aðgerðaáætlun til næstu þriggja ára en sú áætlun byggir á stefnu Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum.

Þess má geta að stefna Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) í hjúkrunar- og

heilbrigðismálum til ársins 2030 var samþykkt á aðalfundi félagsins í maí 2021 og tók hún við af stefnu félagsins til ársins 2020 sem samþykkt var á aðalfundi félagsins í maí árið 2011.

Stefna Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til 2030 er lýsing á hlut hjúkrunarfræðinga og hjúkrunar til að ná fram heilbrigðisstefnu stjórnvalda.



Kjara- og réttindamál

Meginverkefni starfsársins hjá kjara- og réttindasviði var undirbúningur fyrir komandi kjarasamninga. Langstærsti hópur hjúkrunarfræðinga, eða um 93% var með lausa samninga 1. apríl 2023 en það eru hjúkrunarfræðingar sem starfa hjá ríkinu, Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, Reykjavíkurborg eða hjá öðrum sveitarfélögum.

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði

Nýr kjarasamningur hjúkrunarfræðinga við Samtök atvinnulífsins tók gildi 16. ágúst 2022 en um 7% félagsmanna taka mið af þessum kjarasamningi.

Samningurinn fól í sér breytingar á vinnutímaákvæði sem og uppfærslu á ýmsum réttindabáttum. Þannig eru vinnutímaákvæði kjarasamningsins aðlöguð að vinnutímaákvæðum kjarasamninga

skrifstofufólks á almennum vinnumarkaði en í framkvæmd hefur dagvinnutími víða verið samræmdur milli þeirra starfsmanna sem starfa eftir kjarasamningnum og þeirra sem starfa eftir kjarasamningum skrifstofufólks.

Vinnutímastytting kom einungis til framkvæmda þar sem virkur vinnutími, sem er sá tími sem starfsmaður er við störf, er lengri en 35,5 stundir að jafnaði á viku. Neysluhlé og önnur hlé frá vinnu vegna ýmiss konar persónulegra erinda teljast ekki til virks vinnutíma í þessu samhengi.

Kjarasamningar á opinberum vinnumarkaði

Undirbúningur fyrir kjaraviðræður vegna samninga sem lausir voru 1. apríl 2023 tóku mið af heimsóknnum Fíh um landið í maí 2022 og fundarferðum um landið í janúar og febrúar 2023. Þá var einnig talsvert stuðst við kjarakönnun sem framkvæmd var meðal hjúkrunarfræðinga í septembermánuði 2023

og kjararáðstefnu Fíh sem haldin var í október 2022.

Helstu áherslur gagnavart ríkinu voru þessar:

- Hækkun grunnlauna
- Virði starfa hjúkrunarfræðinga verði endurmetin
- Stytting vinnuviku fest í sessi
- Endurskoðun álagsgreiðslna
- Starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga verði bætt þar sem mönnunarviðmið verði skilgreind og tryggð
- Endurskoðun tryggingar- og veikindakafla

Nýr kjarasamningur undirritaður

Skrifað var undir nýja kjarasamninga við Reykjavíkurborg 4. apríl og ríkið 12. apríl. Samningarnir gilda frá 1. apríl og eru til 12 mánaða. Launahækkunarir eru á svipuðum nótum og þegar hefur verið samið við helstu launahópa á opinbera markaðnum. Um er að ræða krónutöluhækkun á bilinu 35.000 til 66.000 og er meðaltalslaunahækkun 7,2%.



Um 65% hjúkrunarfræðinga hjá Reykjavíkurborg samþykktu samninginn en um 30% greiddu atkvæði gegn samningum. Naumur meirihluti þeirra sem greiddi atkvæði um ríkissamninginn samþykkti samninginn, þar sem munaði aðeins tveimur atkvæðum. Þetta eru skýr skilaboð frá hjúkrunarfræðingum að koma þurfi betur á móts við þeirra kröfur og mikilvægt veganesti í viðræðunum sem nú þegar eru hafnar í tímasettum verkáætlunum.

Betri vinnutími vaktavinnufólks

Frá því að verkefnið *Betri vinnutími* hjá vaktavinnufólki fór af stað þann 1. maí árið 2021 hefur stýrihópur og matshópur launagreiðenda og launþega fylgst vel með lykilmælikvörðum verkefnisins. Það hefur verið gert með því að greina kostnað og ábata, bæði fyrir hönd launþega og stofnana, sem og að taka til greina þá vankanta sem koma upp hverju sinni. Þá var haldinn þjóðfundur um verkefnið þann 2. nóvember 2022 þar sem þátt tóku yfir 230 fulltrúar frá launafólki og launagreiðendum.

Þrátt fyrir að niðurstaða þjóðfundarins sýndi almenna ánægju með verkefnið þá voru aðilar sammála um að sníða af ákveðna agnúa á núverandi kerfi fyrir samningslok, eða þann 1. apríl 2023.

Þannig náðist samkomulag 8. mars 2023 milli bandalaga launafólks og Fíh annars vegar og ríkis, sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar og SFV hins vegar um eftirfarandi:

1. Breytingar voru gerðar á stórhátíðarálagi þar sem 120% álag fór í 165% og 90% álag fór í 120%.
2. Ný tafla um vaktahvata tók gildi sem mæta á vaktavinnufólki með þunga vaktabyrði, það er 4. og 3. tegundir vakta. Þá leiðir ný tafla einnig til þess að vaktahvati verði jafnari milli mánaða og tekur tillit til styttri launatímabila svo sem í febrúar- og í páskamánuði.
3. Auka á fræðsluefni um jöfnun vinnuskila og lagðar voru fram tillögur um leiðbeiningar og aukið gagnsæi í launakerfum.

Stofnanasamningar

Gengið var frá nýjum stofnanasamningi við Sjúkrahúsið á Akureyri með gildistíma frá 1. mars 2023. Í kjölfarið hefur talsverður þrýstingur skapast að yfirfara fleiri stofnanasamninga félagsins við ríkið.

Þegar þessi ársskýrsla var í vinnslu voru viðræður langt komnar við endurskoðun stofnanasamnings við Heilsustofnun í Hveragerði.

Réttindamál

Nokkur mál eru í vinnslu hjá lögmanni en þó er reynt eftir fremsta megni að leysa mál félagsmanna án afskipta dómstóla. Á starfsárinu voru tvö mál rekin fyrir héraðsdómi sem lutu að riftun á ráðningarsamningi og hefur þeim verið áfrýjað. Eitt mál fór fyrir héraðsdóm sem laut að broti á auglýsingaskyldu samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og hefur því verið áfrýjað. Þá eru einnig nokkur mál í ferli þar sem félagsmenn veiktust af Covid við störf sín og hafa glímt við langtímaveikindi í kjölfar þess.

Fundir með trúnaðarmönnum

Kjara- og réttindasvið Fíh hélt þrjá fjarfundi með trúnaðarmönnum á landsvísu þar sem farið var yfir stöðu kjaramála á árinu, auk kjararáðstefnunnar í október. Grunnnámskeið fyrir trúnaðarmenn var haldið rafrænt í janúar og var það vel sótt.

Kynningarfundir Fíh

Þá voru haldnir tveir kynningarfundir um kjara- og réttindamál fyrir erlenda hjúkrunarfræðinga á Landspítala. Jafnframt var haldin árleg kynning fyrir nýútskrifaða hjúkrunarfræðinga á starfsþróunarári á Landspítala. Í janúar og mars 2023 var kynning á Fíh fyrir fjórða árs hjúkrunarnema Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri sem fag- og stéttarfélag þeirra í framtíðinni.



Orlofsmál

Orlofsnefndin nýtti vetrarmánuðina til þess að undirbúa komandi sumar og fara yfir ástand á eignum í eigu félagsins. Sumarið 2023 verður Fíh með alls 20 orlofseignir í boði fyrir félagsmenn, þar af 17 orlofseignir víðsvegar um landið. Töluverður fjöldi af eignum félagsins er leiguhúsnæði en vegna aukins fjölda erlendra ferðamanna hér á landi eftir að öllum takmörkunum vegna Covid var aflétt eru færri leiguseignir í boði. Auk þess hefur leiguverð hækkað töluvert. Það var því ákveðið að prófa að vera með eignir á leigu erlendis og hefur félagið tekið tvær eignir til leigu á Spáni og eina í Danmörku. Vonandi nýtast þessar eignir þeim félagsmönnum sem vilja eyða hluta af sínu sumarfríi erlendis.

Til viðbótar við þessar 20 orlofseignir sem eru í boði er félagið með svokallaða flakkara, en það eru eignir staðsettar á Akureyri og í Reykjavík sem fara ekki í hefðbundna sumarúthlutun heldur er fyrirkomulag á útleigu á þeim óbreytt allt árið. Til að koma til móts við sem flesta

félagsmenn er félagið með fjölbreytt úrval gjafabréfa í boði, til dæmis í flug, hótelmiða, veiðikortið og svo útilegukortið.

Búið er að samþykkja kaup á tveim orlofs-húsum við rætur Hlíðarfjalls á Akureyri sem verða afhent fyrir part árs 2024.

Kominn er tími á að endurnýja margar af þeim eignum sem eru í eigu félagsins. Á starfsárinu var farið í ítarlega úttekt á ástandi eigna á Suðurlandi og er unnið að lagfæringum á þeim, auk þess sem húsgögn og annar húsbúnaður hefur verið endurnýjaður. Búið er að skipta um húsbúnað á Lokastíg 3. Gera þurfti lagfæringar vegna vatnsskemmda á Lokastíg 4 og var þá útbúið aukabaðherbergi í því húsi. Talsverðar umbætur voru gerðar á Lokastíg 1 fyrir sumarið en önnur hús þurfa að bíða næstu missera.

Ákveðið var að halda úthlutunarreglum fyrir árið 2023 með óbreyttum hætti frá fyrra ári. Forgangsofnun var þann 20. mars fyrir

Sumarið 2023 verður Fíh með alls 20 orlofseignir í boði fyrir félagsmenn, þar af 17 orlofseignir víðsvegar um landið.

félagsmenn sem eiga að minnsta kosti 112 punkta; 21. mars fyrir þá sem eiga 82 eða fleiri punkta og 22. mars fyrir þá sem eiga 15 eða fleiri punkta. Þessa fyrstu opnunardaga voru 1.440 innskráningar inn á orlofssíðu félagsins og gerðar 170 bókanir. Opnað var fyrir bókanir fyrir alla félagsmenn þann 1. apríl og í ár var tekin ákvörðun um að félagsmenn geti bætt við sig aukaviku sé húsnæði laust eftir 1. apríl.



Sjóðir

Visindasjóður Fíh

Visindasjóður skiptist í tvo hluta, A- og B-hluta. Styrkir úr A-hluta eru greiddir beint til félagsmanna í febrúar og í ár voru greiddir styrkir til 3.547 félagsmanna og nam heildarupphæðin 168.083.448 kr.

Alls bárust 18 umsóknir í B-hluta visinda-sjóðs hjúkrunarfræðinga. Sautján hjúkrunar-fræðingar fengu styrk úr sjóðnum að upphæð alls 10.970.150 kr. Heildarupphæð sem sótt var um var 23.933.660 kr. og heildarupphæð styrkja nam 13.034.510 kr.

Starfsmenntunarsjóður

Á árinu 2022 voru samþykktar 1.603 umsóknir að upphæð 121.842.463 kr. Umsóknum fjölgaði töluvert frá fyrra ári eða um 65%. Heildarfjárhæð styrkja hækkaði um 81%. Stjórn sjóðsins vann á starfsárinu að breyttum úthlutunarreglum og tóku þær gildi þann 15. mars 2023. Hámarksstyrkur var hækkaður úr 240.000 kr. í 350.000 kr. á 24 mánaða tímabili.

Styrktarsjóður

Samþykktar voru 3.647 umsóknir á liðnu ári að fjárhæð 301.247.171 kr. Þetta er fjölgun umsókna um 100 frá árinu áður en heildarfjárhæð styrkja jókst um 9% milli ára. Heilsustyrkur var 60.000 kr. fyrir árið 2022 líkt og áður.

Stærsti hluti styrktarsjóðs fer til greiðslu sjúkradagpeninga, eða um 45% af heildar-fjárhæð styrkja. Hjúkrunarfræðingum sem sóttu um sjúkradagpeninga fjölgaði á árinu 2022 um 9% á milli ára, fóru úr 118 einstaklingum í 129 einstaklinga.

Starfsmenntunarsjóður

Skipting styrkja

	Fjöldi umsókna	Samtals upphæð
Nám	350	30.231.633 kr.
Námskeið	398	28.880.862 kr.
Ráðstefnur	810	58.559.863 kr.
Kynnisferðir	45	4.170.105 kr.

Styrktarsjóður

Skipting styrkja

	Fjöldi umsókna	Samtals upphæð
Heilsustyrkir	2.951	126.529.553 kr.
Fæðingarstyrkir	171	37.615.485 kr.
Útfararstyrkir	5	1.750.000 kr.

Sjúkradagpeningar

Fjöldi einstaklinga	129	135.352.133 kr. (520 umsóknir)
---------------------	-----	--------------------------------

Á árinu 2022 voru samþykktar 1.603 umsóknir að upphæð 121.842.463 kr.

Samþykktar voru 3.647 umsóknir á liðnu ári að fjárhæð 301.247.171 kr.

Útgáfa

Tímarit hjúkrunarfræðinga

Tímarit hjúkrunarfræðinga er fagttímarit félagsins, það var gefið út í prentaðri útgáfu þrisvar á starfsárinu; í mars, júlí og nóvember og dreift til félagsmanna. Auk þess að vera vettvangur fræðilegrar umfjöllunar um hjúkrun þar sem ritrýndar greinar eru í aðalhlutverki, er leitast við að fjalla um fjölbreytt störf hjúkrunarfræðinga. Í hverju tölublaði eru viðtöl við hjúkrunarfræðinga um störf þeirra, áhugamál og fleira.

Tímaritið er aðgengilegt á vefsíðu Fíh á rafrænu formi, auk þess sem völdu efni er deilt á vef félagsins hjukrun.is og á fésbókarsíðu félagsins.

Vefur og samfélagsmiðlar

Heimsóknir á vef félagsins voru að meðaltali 29.500 á mánuði árið 2022, miðað við talningu vefmælingarkerfisins Google analytics, og er það rúmlega 12 prósentu aukning frá árinu árið. Mírar síður voru heimsóttar að meðaltali 1.800 sinnum í mánuði á sama tímabili sem er rúmlega 12 prósentu aukning frá árinu áður. Alls voru 33 þúsund innskráningar á mírar síður árið 2022.

Fylgjendur fésbókarsíðu félagsins eru nú ríflega 3.900 sem er rúmlega 5 prósentu aukning frá árinu áður og rúmlega 1.200 manns fylgja félaginu á Instagram, en það er 20 prósentu aukning frá árinu áður. Á póstlista eru skráðir rúmlega 3.100 félagsmenn sem fá reglulega sent rafrænt fréttabréf með tölvupósti, hefur þeim fækkað um 3 prósent frá árinu áður.

Rapportið

Rapportið, hlaðvarp Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hóf göngu sína í febrúar 2022. Í Rapportinu er rætt við gesti úr röðum hjúkrunarfræðinga sem hafa sögur að segja af starfinu og einkalífinu. Stöku sinnum er rætt við aðra sem eiga erindi sem er beint til hjúkrunarfræðinga. Rapportíð er gefið út á bæði Podbean og í gegnum Spotify og birt á vef félagsins.

Alls voru teknir upp og birtir sextán þættir af Rapportinu í fyrra. Hlustað var á hvern þátt 200 sinnum að meðaltali í gegnum Podbean.



Erlent samstarf

SSN

Fíh er hluti af SSN sem er samvinna félaga hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndunum. SSN er í forsvari fyrir meira en 320.000 hjúkrunarfræðinga og tilgangurinn er að vinna markvisst að málefnum hjúkrunar. Hlutverk SSN er meðal annars að beina athygli sinni að þróun og eiga frumkvæði í málum er varða hjúkrunarfræðinga og hjúkrun á Norðurlöndum. Samvinnan á að leggja sitt af mörkum til áframhaldandi þróunar hinnar almennu heilbrigðisþjónustu og hjúkrunar á Norðurlöndum. Að undanfögnu hefur SSN verið að skoða afleiðingar skorts á hjúkrunarfræðingum til starfa á Norðurlöndunum ásamt tillögum að úrbótum.

Tveir stjórnarfundir voru haldnir á síðasta ári, annars vegar í Kolding í Danmörku í byrjun september 2022, hins vegar í Tromsø í Noregi í byrjun mars 2023. Formenn allra Norðurlandanna voru þar samankomnir, ásamt öðrum fulltrúum, til að ræða sameiginleg

málefni hjúkrunar á Norðurlöndunum. Lill Sverresdatter Larsen, formaður norska hjúkrunarfélagsins var kjörin nýr formaður SSN en Grethe Christensen, formaður danska hjúkrunarfélagsins hafði sinnt formennsku SSN í mörg ár.

100 ára afmæli SSN í Kolding

SSN fagnaði 100 ára afmæli með ráðstefnu í Kolding í Danmörku dagana 8.-9. september síðastliðinn. Til stóð að fagna afmælinu árið 2020 en fresta þurfti í tvígang vegna Covid-faraldursins. Fjöldmargir norrænir gestir voru á ráðstefnunni, þar á meðal sextán gestir frá Íslandi, auk fjölda alþjóðlegra gesta. Þar má nefna Pamelu Cipriano, forseta Alþjóðaráðs hjúkrunarfræðinga (ICN), Howard Catton framkvæmdastjóra ICN, Paul De Raeve framkvæmdastjóra samtaka hjúkrunarfélaganna í Evrópu (EFN) og Margrietu Langins hjúkrunar- og ljósmóðurráðgjafa hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO)



í Evrópu. Fjölbreytt og áhugaverð erindi voru í boði á ráðstefnunni og var Herdís Sveinsdóttir með erindi fyrir hönd Íslands sem fjallaði um menntun hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndunum, ásamt áskorunum og þróun. Kirsten Nergaard frá Noregi fjallaði um laun og vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndunum. Erindi Helen Leino-Kilpi fjallaði um sögu vísindarannsakenda á Norðurlöndunum og Margit Stórá frá Færeyjum beindi sjónum sínum að leiðtogaþæfni og hjúkrun í sínu erindi.

Þess má geta að einstök sýning um Kirsten Stallknecht var opnuð í tilefni 100 ára afmælisins en hún var formaður danska hjúkrunarfélagsins í 30 ár og um tíma formaður Alþjóðaráðs hjúkrunarfræðinga (ICN) og formaður SSN. Ráðstefnugestum gafst einnig tækifæri á að skoða hið sögufræga hótél Koldingfjord sem eitt sinn var nýtt sem berklaspítali fyrir börn. Eftir að berklum var útrýmt árið 1960 var hótelið nýtt sem geðdeild fyrir börn. Árið 1987 tók svo danska hjúkrunarfélagið hótelið yfir og í dag er það eitt vinsælasta ráðstefnuhótél Danmerkur.

Margrieta Langins, hjúkrunar- og ljósmóður-ráðgjafi hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) í Evrópu, opnaði seinni ráðstefnudaginn með áhugaverðu erindi um stefnu í hjúkrun í Evrópu. Eftir hádegi tóku formenn allra Norðurlanda þátt í pallborðsumræðum



um framtíð hjúkrunar á Norðurlöndum og hvernig hægt sé að takast á við áskoranir í heilbrigðiskerfinu sem ein heild.

EFN

Fulltrúar Fíh sóttu fundi Evrópusamtaka hjúkrunarfélaga í Evrópu (EFN) síðastliðið haust og í apríl á þessu ári. Á þessum fundum gefst fulltrúum kostur á að hafa áhrif á og fylgjast með stefnu Evrópusambandsins (ESB) um mál er varða hjúkrun í framtíðinni. Mikil umræða var um framhaldsmenntun hjúkrunarfræðinga, einnig önnur mál eins og kjaramál og starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga.

ICN

Alþjóðaráð hjúkrunarfræðinga (ICN) eru samtök hjúkrunarfélaga í rúmlega 130 löndum og annað hvert ár heldur ICN fulltrúaþing þar sem málefni hjúkrunar á heimsvísu eru rædd. Í ár verður fulltrúaþing ICN haldið 29. júní-1. júlí næstkomandi í Montreal í Kanada.

Ályktanir og umsagnir

Ályktanir

Á aðalfundi Fih þann 12. maí 2022 voru samþykktar sex ályktanir; mönnun hjúkrunarfræðinga, leiðréttingu á kynbundnum launamun, lagasetning um mönnunarviðmið, lagasetning um tilkynningar, rannsókn og málsmeðferð alvarlegra atvika í heilbrigðisþjónustu, stöðu yfirhjúkrunarfræðings í efsta lagi stjórnsýslunnar og trygging greiðslupátttöku sjúkratrygginga í heilbrigðisþjónustu sem veitt er af hjúkrunarfræðingum.

Umsagnir

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga sendir frá sér eftirfarandi umsagnir frá maí 2022 til maí 2023:

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (afglæpavæðingu neysluskammta).
- Umboðsmaður sjúklinga.
- Sveigjanleg tilhögun á fæðingar- og foreldraorlofi.
- Hækkun hámarksaldurs heilbrigðisstarfsmanna í starfi hjá ríkinu.
- Mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaráætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða til ársins 2030.
- Útboð á rekstri heilsugæslustöðvar á Akureyri.
- Áform um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um landlækni og lýðheilsu, refsíabyrgð heilbrigðisstofnana og rannsókn óvæntra atvika.
- Áform um afnám refsingar.
- Þingsályktunartillaga um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaaætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða til ársins 2030.
- Breytingar á lögum um ávana- og fíkniefni (afglæpavæðingu neysluskammta).
- Aðgerðaaætlun um geðheilbrigðismál.
- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn (heimilisofbeldi).
- Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um val, geymslu og meðferð lyfja á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum.
- Drög að þingsályktunartillögu um aðgerðaaætlun um þjónustu við eldra fólk 2023-2027.
- Drög að reglugerð um útgáfu vottorða, álitsgerða, faglegra yfirlýsinga og skýrslur heilbrigðisstarfsmanna.

- Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um landlækni og lýðheilsu og lögum um réttindi sjúklinga (refsíabyrgð heilbrigðisstofnana og rannsókn alvarlegra atvika).
- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tæknifrjövgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsóknna.
- Drög að reglugerð um útgáfu vottorða, álitsgerða, faglegra yfirlýsinga og skýrslur heilbrigðisstarfsmanna.
- Meðferð umsókna um starfsleyfi og sérfræðileysi um heilbrigðisstarfsmenn frá umsækjendum frá ríkjum sem íslenska ríkið hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

Nefndir og ráð

Nefndir og ráð starfsárið 2022-2023

Í **kjörnefnd** sátu Ása St. Atladóttir, Ólafur G. Skúlason og Ólöf Árnadóttir. Varamaður í kjörnefnd var Kolbrún Gísladóttir.

Hlutverk nefndarinnar er að annast undirbúning og framkvæmd formannskjörs og kosningu til stjórnar félagsins, í nefndir þess og önnur þau störf sem kosið er um.

Í **muna- og minjanefnd** sátu Ingibjörg Pálmadóttir formaður, Bergdís Kristjánsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir og Sigbrúður Ingimundardóttir.

Hlutverk nefndarinnar er m.a. að safna saman munum í eigu félagsins og koma þeim fyrir til varðveislu á viðeigandi hátt.

Í **ritnefnd** sátu Kristín Linda Hjartardóttir, Páll Biering, Sigrún Sunna Skúladóttir, Sölvi Sveinsson, Þórunn Sigurðardóttir, Þorgerður Ragnarsdóttir og Þóra Jenný Gunnarsdóttir.

Hlutverk ritnefndar er að markaðsa ásamt ritstjóra stefnu tímaritsins og annast umsjón með útgáfu þess.

Í **siðanefnd** sátu Aðalheiður D. Matthíasdóttir formaður, Birna Óskarsdóttir, Guðbjörg Svava Ragnarsdóttir, Guðríður K. Þórðardóttir, Harpa Þöll Gísladóttir, Ragnhildur Rós Indriðadóttir og Þórgunnur Hjaltadóttir.

Siðanefnd er faglegur farvegur félagsins fyrir siðfræðileg álitamál og er stjórn félagsins, fagdeildum og félagsmönnum til ráðgjafar varðandi álit og umsagnir um þau mál. Einnig fjallar nefndin um kærumál er varða meint brot félagsmanna á siðareglum félagsins.

Í **samninganefnd** sátu Guðbjörg Pálsdóttir, Harpa Ólafsdóttir, Eva Hjörtína Ólafsdóttir og Ólöf Jóna Tryggvadóttir.

Í samninganefnd við ríkið sátu einnig Katla Marín Berndsen og Sunneva Björk Gunnarsdóttir.

Í samninganefnd við Reykjavíkurborg sátu einnig Hrefna Guðmundsdóttir og Margrét Baldvinsdóttir.

Í samninganefnd við Samband íslenskra sveitarfélaga sat einnig Gunnar Bergmann Steingrímsson.



Kjörin stjórn og stjórnir sjóða

Stjórn félagsins geta einungis félagsmenn skipað með fulla aðild. Í stjórn sátu, auk formanns, sex stjórnarmenn og tveir varamenn.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2022-2023

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*
Halla Eiríksdóttir *varaformaður*
Anna Kristín B. Jóhannesdóttir
Guðlaug Ásta Gunnarsdóttir
Guðrún Yrsa Ómarsdóttir
Hildur Björk Sigurðardóttir
Hulda Björg Óladóttir

Varamenn

Ásdís M. Finnbogadóttir
Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir

Orlofssjóður

Ása María Guðjónsdóttir *formaður*
Heiða Björk Gunnlaugsdóttir
Inga Valborg Ólafsdóttir
Lovísa Agnes Jónsdóttir
Sigurður Ýmir Sigurjónsson

Starfsmenntunarsjóður

Eva Hjörtína Ólafsdóttir *formaður, tilnefnd af Fih*
Ásdís Guðmundsdóttir *tilnefnd af Fih*
Aldís Magnúsdóttir *tilnefnd af fjármálaráðuneyti*
Anna Guðmundsdóttir *tilnefnd af Reykjavíkurborg*
Steinunn Helga Björnsdóttir *starfsmaður sjóðsins*

Styrktarsjóður

Aðalheiður D. Matthíasdóttir *formaður*
Sigrún Barkardóttir
Svanlaug Guðnadóttir

Varamenn

Baldvina Hafsteinsdóttir
Ellen Stefanía Björnsdóttir

Vísindasjóður

Marianne E. Klinke *formaður*
Árún K. Sigurðardóttir
Brynja Örlygsdóttir
Rannveig Jónasdóttir

Vinnudeilusjóður

Birgir Örn Ólafsson *formaður*
Anna Soffía Guðmundsdóttir
Eva Kristjánsdóttir
Varamenn
Olga Birgitta Bjarnadóttir
Eva Hjörtína Ólafsdóttir

Rannsókn- og vísindasjóður

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*
Helga Bragadóttir
Sigríður Zoëga

Minningarsjóður Hans Adolfs Hjartarsonar

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*
Helga Bragadóttir
Hrund Scheving Thorsteinsson

Minningarsjóður Kristínar Thoroddsen

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*
Helga Bragadóttir
Ólafur G. Skúlason
Steinunn Sigurðardóttir

Skrifstofa Fíh

Í byrjun apríl 2023 voru tíu starfsmenn á skrifstofu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Í nóvember hófu tveir starfsmenn störf hjá félaginu, Harpa Ólafsdóttir og Ólöf Jóna Tryggvadóttir, og einn starfsmaður í maí, Helga Rósa Másdóttir.

Harpa Ólafsdóttir er starfandi sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs Fíh. Hún hefur áralanga reynslu af kjaramálum. Hún starfaði sem formaður samninganefndar Reykjavíkurborgar frá 2018-2022. Þar áður var hún sviðsstjóri kjaramála hjá Eflingu stéttarfélagi. Harpa er hagfræðingur að mennt og lauk einnig MBA-námi frá Háskóla Íslands 2017.

Ólöf Jóna Tryggvadóttir tók við stöðu sérfræðings í kjaramálum á kjara- og réttindasviði Fíh. Hún er með MSc-gráðu í vinnumarkaðsfræði og mannauðsstjórnun frá London School of Economics og er vottaður verkefnastjóri. Ólöf hefur fjölbreytta reynslu af kjara-, fræðslu- og mannauðsmálum og starfaði áður sem mannauðsstjóri hjá Sveitarfélaginu Árborg og við mannauðsráðgjöf fyrir ýmsa aðila.

Ráðnir starfsmenn á skrifstofu félagsins

Ari Brynjólfsson *kynningarstjóri*

Eva Hjörtína Ólafsdóttir *kjararáðgjafi*

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*

Hafdís Böðvarsdóttir *fjármálastjóri*

Harpa Ólafsdóttir
starfandi sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs

Helga Rósa Másdóttir *sviðsstjóri fagsviðs*


Margrét Rafnsdóttir *fulltrúi*

Ólöf Jóna Tryggvadóttir
sérfræðingur í kjaramálum

Sigríður Elín Ásmundsdóttir
ritstjóri Tímarits hjúkrunarfræðinga

Steinunn Helga Björnsdóttir
umsjónarmaður sjóða

Helga Rósa Másdóttir tók við stöðu sviðsstjóra fagsviðs. Hún lauk BSc-prófi í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands 2004 og meistaranámi í hjúkrun frá University of Toronto í Kanada 2011. Helga Rósa hefur starfað á Landspítala frá árinu 2011 þar sem hún tók þátt í og stýrði fjölmörgum verkefnum er varða gæði hjúkrunar, skráningu og öryggi sjúklinga. Helga Rósa hefur frá árinu 2020 starfað sem deildarstjóri á Bráðamóttöku Landspítala.





Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
540 6400
www.hjukrun.is